

Mætt eru Anna María, Anna Júlía, Garðar, Linda og Susanne.

Ákveðið að kanna með áhuga nemenda skólans á annars vegar teikninámskeiði og hins vegar á leiklistarnámskeiði. Vangaveltur um aðila sem gætu hugsanlega tekið slíkt að sé og einnig hvernig best væri að útfæra námskeiðin. Hugsanlega myndum við standa fyrir teikninámskeiði aðra önnina og leiklistarnámskeið á hinni. Rætt um kostnað og þá mögulegt gjald fyrir námskeiðin, aðstöðu og fjölda skipta. Kanna möguleikann á því að félagið sækir um styrk til sveitarfélagsins vegna námskeiðana. Athuga með hugsanlega þáttöku samherja í námskeiðunum.

Umræða um fræðsluefni fyrir skólaárið, hugmyndir sem upp komu voru um fjölbreytileikann/hinsegin, þælingar varðandi skiptingu nemenda eftir aldri og einnig hvort að það yrði haldið námskeið fyrir foreldra. Ákveðið að hafa samband við samtökin 78 og kanna með nemendafræðslu.

Skipulagning á bekkjarfulltrúafundi, mögulega halda hann rafrænan vegna aðstæðna í samfélaginu. Einnig ætlum við að huga að skipulagi fyrir jólaföndrið.

Kanna með aðstæða fyrir nemendur til að læsa hjólum sínum við skólann, mögulega hægt að hafa einhverskonar skýli yfir þeirri aðstöðu.

Hlutverk stjórnar ákveðin og hljóma svo fyrir skólaárið 2021-2022:

- Anna María Sigfúsdóttir situr í skólaráði
- Anna Júlía Aðalsteinsdóttir ritari
- Garðar Kári Garðarsson formaður
- Linda Lárusdóttir gjaldkeri
- Susanne Lintermann er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd

Breyta þarf prókúruhafa á reikningi foreldrafélagsins, núverandi prófkúruhafi er foreldri fyrrverandi nemanda skólans svo það er tímabært að ráðast í þær breytingar.

Fundi slitið kl. 21:55